

„Get það ekki,“ —sagði Anna, og herti sig enn meir með að taka hýðið af ertunum.

Veslings-Dísu var heitt. Og líuin var hún líka. Hún hélt höndunum undir hökuna á sér með olnbogana á þröskuldinum, og vissi ekkí, hvað hún átti til bragðs að taka. Tár komu í augun á henni. Hún tekur þá hvítu svuntuna sína og felur lítlæ andlitið í henni og fer að snökta. Í því bili kemur afi hennar utan úr garðinum og sér hana.

„Uss! Uss! Hvað gengur að uppáhaldinu mínu?“ —segir hann, og sest á þrepíð hjá henni, tekur hana inn að sér og burkar framan úr henni svitann og tárin með hreina vasaklútnum sínum. Hann er fljótur að skilja, hvað að er. Stendur á fætur og segir: „Kondu inn með mér og sýndu mér, hvar hann er.“

Nú varð óðar andlitið á Dísu eintómt sólskin. Og hoppandi við hliðina á afa sínum leiddi hún hann inn að skápnunum í borðstofunni. Og var nú ekki vitund líuin.

Afi hennar náði ofan fallega bollanum hennar. Tók vatnskrukku og fylti hann með köldu vatni. Og svo fóru þau bæði og flýttu sér, það sem þau gátu, veginn niður frá húsinu.

Þegar gamli Mr. Burton lagði gangandi á stað um morguninn til næsta bæjar, kom honum ekkí til hugar, að leiðin væri eins löng eða að það myndi taka eins upp á hann að ganga þetta. Hann var ókunnugur á þessum stöðvum, og var á leið til sonar síns. Þegar hann kom úr járnbrautarvagninum, var póstvagninn farinn. Hann var of fáttækur til þess að kaupa sér keyrslu. Þurfti hann því að fara fótgangandi þessar fimm mílur í steikjandi sólarhitanaum.

Þó hann færí sér hægt, tók hann að þyrsta mjög, og óskaði bess, að hann hitti á vatnslind við veginn, en hún var engin til. Hann sá þá stórt hús hvítt fram undan sér á hæð nokkurri, og sagði þá við sjálfan sig: „Eg held eg verði að koma þar við og fá mér að drekka. En—það er ríkt fólk, sem býr þar, og líklega heldur það um mig, að eg sé flækingur, og sigar svo hundunum ef til vill á mig.“

Hægt og hægt kom hann nær. Hann horfði á fallega túnið fyrir framan húsið, og á stóru trén, sem stóðu á því, og á svölu skuggana undir þeim. Og þá varð hann var við, að lítil stúlka stóð við framhlíðið. Hún hafði á höfðinu hvíta barða-stóra línhettu, sem faldi rósfagra andlitið, en augun bláu litu brosandli upp á ókunnuga manninn, þegar hann heilsaði henni.

„Ertu læ's'einn?“ —sagði hún við hann og var ögn feimin,